


FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



2. tbl.

4. árg.

nóvember

1988

Ábm.: Einar bogi Sigurðsson

FRÁ ADALFUNDI.

Aðalfundur Landfræðifélagsins var haldinn á Holiday Inn hótelinu þann 18. apríl síðastliðinn. Á fundinn voru mættir 10, sem má teljast mjög lítið. Fundarstjóri var kjörinn Tryggvi Jakobsson og fundarritari Einar Bogi Sigurðsson. Dagskrá fundarins var samkvæmt lögum félagsins. Formaðurinn Magnús Guðmundsson sagði frá starfsemi félagsins undanfarið ár, m.a. frá fræðslukvöldunum, sem voru þrjú. Þann 5. nóvember hélt Yngvi Þór Loftsson landfræðingur og landslagsarkitekt fyrirlestur um Fossvogsdalinn sem útivistarsvæði. Dr. Viacheslav Konichev prófessor í landafræði við Háskólann í Moskvu hélt fyrirlestur 9. desember um nám og rannsóknir í landafræði í Sovétríkjunum. Síðan héldu landfræðinemar í Háskóla Íslands fræðslukvöld, þar sem þeir sögðu frá námsferð sinni um Finnland sumarið 1986. Fréttabréfið kom út tvisvar og landfræðifélagið kynnti og dreifði bókinni: Landafræði fyrir framhaldskóla, eftir Óttar Ólafsson landfræðing. Tryggvi Jakobsson sagði frá Evrópusambandi landfræðikennara (eurogeo working group), en Tryggvi var einmitt valinn fulltrúi félagsins á ráðstefnu sambandsins í byrjun júní síðastliðinn.

Einar Egilsson gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða. Þá var komið að stjórnarkjöri. Þar sem Magnús Guðmundsson baðst undan endurkjöri, sem formaður, var Einar Bogi Sigurðsson kosinn í hans stað. Salvör Jónsdóttir baðst einnig undan kjöri í stjórn, en aðrir í stjórn voru kosnir Árni Stefánsson, Einar Egilsson, Fanney Gísladóttir, Magnús Guðmundsson, Óttar Ólafsson og Tryggvi Jakobsson. Endurskoðendur voru endurkosnir þeir Bjarni Reynarsson og Ólafur Óskarsson. Engar lagabreytingar komu fram þannig að einungis var eftir að ákveða félagsgjöld. Þótti rétt að hækka þau í 400 krónur. Eftir almennar umræður um félagið og landafræði almennt var komið að fjórða fræðslukvöldi vetrarins, þar sem Tryggvi Jakobsson sagði frá Álandseyjum í máli og myndum.

LANDFRÆÐIFÉLAGIÐ 9. STARFSÁR 6/5 1987 til 15/4 1988.

Rekstursreikningur.

Tekjur:

Félagsgjöld 5X350 117X350	42.700,00
Vextir af sparisjóðsb. IB-708779	10.560,72
- - ávísanareikn. IB-7513	1.451,68
- - gjaldýrisreykningi ÚB-180033	177,81
Seld sérrit	<u>200,00</u>
	55.090,21
Gjöld umfram tekjur	<u>3.781,79</u>
	<u>58.872,00</u>

Gjöld:

Fjölritun á fréttabréfi	11.745,50
- - fundarboðum	2.274,50
Hönnun á fréttabréfi	8.283,00
Sendingarkostnaður og girokostnaður	15.426,00
Kostnaður vegna aðalfundar	3.960,00
- - erlends gests	8.150,00
Ritföng ofl.	1.578,00
Akstur	2.455,00
Auglýsing	<u>5.000,00</u>
	<u>58.872,00</u>

Efnahagsreikningur.

Eignir:

Innistaða á sparisjóðsb. IB-708779	64.874,49
- - ávísunarreikn. IB-7513	5.349,36
- - gjaldýrisreikningi ÚB-180033	1.316,11
Óseld sérrit	<u>2.900,00</u>
	<u>74.439,96</u>

Skuldir - eigið fé:

Höfuðstóll pr. 6/5 1987	78.221,75
⇒ flutt af rekstursreikningi 9. starfsárs	<u>3.781,79</u>
	<u>74.439,96</u>

Einar Egilsson gjaldkeri.

Endurskoðað 15. 4. 1988

Bjarni Reynarsson

Ólafur H. Óskarsson

SJÓFERÐ

Eyjar í nágrenni Reykjavíkur

Sunnudaginn 13. nóvember mun Landfræðifélagið gangast fyrir siglingu til að skoða og fræðast um eyjarnar á sundunum norðan Reykjavíkur (Viðey, Engey, Þerney, Akurey og Lundey). Fararstjórar verða þeir Lýður Björnsson sagnfræðingur, Haukur Jóhannesson jarðfræðingur og Jóhann Guðjónsson líffræðingur. Áætlað er að koma í land í Viðey og er þeim sem vilja, ráðlagt að hafa með sér nesti.

Lagt verður upp frá Sundahöfn með Hafsteini kl.14.00 og áætlað að koma aftur kl.17.30.

Kostnaður er kr.500 á mann en frítt fyrir börn yngri en 12 ára.

Mætum öll og sjáum eyjarnar í návígi og Reykjavík frá nýju sjónarhorni.

Stjórn Landfræðifélagsins.

DREIFING ALNEMIS

Fimmtudaginn 8. desember mun Sigríður Haraldsdóttir landfræðingur halda fyrirlestur sem nefnist

„ Þættir sem hafa áhrif á dreifingu alnemis á Íslandi “.

Mun Sigríður fjalla um Masters ritgerð sína um þetta efni sem hún varði í júlí síðastliðnum við York Háskóla í nágrenni Toronto í Kanada.

Sigríður lauk B.S. prófi í landafræði frá Háskóla Íslands 1986 og hefur m.a. starfað hjá Borgarskipulagi Reykjavíkur. Fyrirlestur hennar verður í Háskóla Íslands í stofu 101 í Odda og hefst kl.20.30.

Stjórn Landfræðifélagsins.

STJÓRN LANDFRÆÐIFÉLAGSINS.

Einar Bogi Sigurðsson, form., Hverafold 23, 112 Reykjavík.

Sími 685872/v.s. 20700

Magnús Guðmundsson, varaform., Frostafold 36, 112 Reykjav.

Sími 675216/v.s. 681611

Einar Egilsson, gjaldkeri,, Digranesvegi 56, 200 Kópavogi.

Sími 40763/v.s. 29475

Tryggvi Jakobsson, ritari, Leifsgötu 26, 101 Reykjavík.

Sími 17304/v.s. 28088

Árni Stefánsson, meðstj., Brautarlandi 15, 108, Reykjavík.

Sími 36315/v.s. 688700

Fanney Gísladóttir, meðstj., Krosseyrarvegi 6, 220 Hafnarf.

Sími 50421/v.s. 27110

Óttar Ólafsson, meðstj., Skaftahlíð 10, 105 Reykjavík.

Sími 18438

ÚTGÁFUMÁL.

Eitt af megin markmiðum þessa félags er að miðla upplýsingum um það sem er að gerast á sviði landfræði og einnig að vera vettvangur þar sem félagsmenn og aðrir áhugamenn geta komið á framfæri því sem þeir eru að fást við. Skemmst er frá því að segja að svo til ekkert efni barst félaginu á síðast liðnu ári og varð því minna úr útgáfumálum en til stóð.

Allt kemur til greina, frásögn úr starfinu, ritgerðir og/eða úrdráttur úr ritgerðum og verkefnum, ferðasögur, kort af öllu tagi, hugmyndir af því sem gaman væri að gera o.s.frv. Í vetur ætlum við að stefna á mið nemenda í Háskólanum og vonumst við eftir áhuga nemenda við því og einnig þið félagsmenn góðir látið nú í ykkur heyra!!!!

Efni sendist til:

Landfræðisfélagið

Pósthólf 1641

121 Reykjavík

Eða hafið samband við stjórnarmeðlimi.

FRÉTTIR ÚR DEILDINNI.

Landfræðinámið í Háskóla Íslands hefur ekki tekið miklum breytingum undanfarin ár. Þó eiga sér alltaf smávægilegar breytingar sér stað á einum og einum áfanga og eitthvað er um nýja áfanga. T.d. áfangi um umhverfis og skipulagsmál sem þeir Dr. Bjarni Reynarsson landfræðingur og Yngvi Þór Loftsson landfræðingur og landslagsarkitekt sjá um að kenna.

Í vetur eru skráðir samtals 27 nemendur á 1, 2. og 3 ári og 9 til viðbótar eru skráðir á svokallað n-ta ári, eru flestir í þeim hópi, að hafa sig af stað í BS ritgerð. Athygli hefur vakið (og ótta sumra) að stelpur eru orðnar í meirihluta í deildinni og sækja á. Af þeim sem eru skráðir eru 25 stelpur og 11 strákar. Ef athugað er kynjahlutfallið á 1. og 2. ári er munurinn en meiri eða 18/3.

SUMARFERÐ LANDFRÆÐIFÉLAGSINS.

Laugardaginn 11. júní síðastliðinn var farið í dagsferð um Reykjanesfólkvang í ágætis veðri. Farið var frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík. Fyrst í stað var keyrt til Kópavogs þar sem farið var í minni bíl því aðeins sex mættu í ferð þessa. Frá Kópavogi var haldið rakleiðis til Krísvíkur. Í Krísvík voru skoðaðar mannvistarleifar og saga Krísvíkur og nágrennis sögð. Eftir stopp í Krísvík var gengið yfir Sveifluháls um Ketilstíg. Við Arnarvatn sást til refs, sem nýlega hafði gætt sér á gæs. Aðeins lengra sást svo til gæsamömmu með nokkra unga æða fram og til baka dauðskelkuð eftir aðfarir tófu. Þegar komið var af Ketilstíg, var haldið af stað með rútunni að Vigdísarvöllum þar sem nestið var tekið upp. Gengið var um Vigdísarvelli og síðan haldið af stað með rútu að Djúpavatni. Frá Djúpavatni var gengið um Sog, sem eru stórkostleg náttúrufyrirbæri, yfir á Höskuldarvelli þar sem rútan beið eftir mannskapnum, sem var þreyttur en ánægður eftir vel heppnaða ferð. Fararstjórnarnir Guðrún Gísladóttir landfræðingur og Páll Imsland jarðfræðingur sögðu vel og skemmtilega frá og eru þeim hér með þakkað fyrir góða ferð.